

**Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar,
Framsóknarflokksins og Pírata vegna tillögu um píp-próf í skólaípróttum:**

Lagt er til að skóla- og frístundasvið hvetji skólastjórnendur og kennara í grunnskólum til að nýta það svigrúm sem aðalnámskrá grunnskóla veitir til fjölbreytilegs námsmats í skólaípróttum. Jafnframt að minnt sé á að koma til móts við nemendur sem líður illa eða geta ekki fylgt hópnum í skólaípróttum með því að finna þeim verkefni við hæfi. Við útfærslu og fyrirkomulag slíkra prófa sé tekið tillit til þess að próf geta haft áhrif á líðan nemenda og það svigrúm sem aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla veita sé nýtt til fullnustu.